

L Ö G

36

12. júní

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „4 vikur“ í 1. tölulið 9. gr. b-lið komi: 3 mánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

37

12. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef almenningsheill krefur, að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, sem til eru í landinu eða fluttar verða inn, meðan mikil hættu telst á, að styrjöld brjótist út í Norðurálfu, og meðan hún stendur yfir, ef hún brýzt út. Fyrirmæli þessi má einnig setja fyrir einstök byggðarlög eða kaupstaði, ef eigi telst þörf á, að þau taki til alls landsins. Ennfremur heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur þess brýna nauðsyn, að taka eignarnámi matvæli, eldsneyti eða aðrar einstakar nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, kaupfélögum, framleiðendum eða öðrum. Ofangreind fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum taka jafnt til úthlutunar á vörum í heildsölu til kaupmanna og kaupfélaga sem til úthlutunar í smásölu til einstaklinga.

Ríkisstjórnin ákveður, hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur samkvæmt þessari grein.

37

12. júní

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður með reglugerð eða reglugerðum, hvort, hvenær og hvernig gera skuli framangreindar ráðstafanir. Getur hún sett í þær þau ákvæði um sektir og málsmeðferð út af brotum á þeim, sem þurfa þykir.

Til þess að standast kostnað við ráðstafanir þær, sem um ræðir í þessari grein, má verja fé úr ríkissjóði.

3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur, að viðlögðum allt að 100 króna dag-sektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi því þær skýrslur um vöru-birgðir sínar og vöruþörf, sem því þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Egsteinn Jónsson.

38

12. júní

L Ö G

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83 23. júní 1932,
um raforkuvirki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Staflíður d. í 7. gr. laganna orðist þannig:

- d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með inn-flutningi raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku við-urkenningarmerki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Skal viður-kenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er eng-um heimilt að nota merkið, nema með leyfi eftirlitsmannsins og eftir þeim regl-um, er hann setur um það.

2. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforku-veitufyrirtækja skuli árlega greiða til eftirlitsins gjald, sem miðast við heildartekjur fyrirtækjanna af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptar raforku, og má nema allt að einum hundraðasta hluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innanlands, greiði til eftir-litsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verk-